

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331 16. ágúst 1976 um gatnagerðar- gjöld við byggðar götur í Þorlákshöfn.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða gatnagerðargjöld kr. 32,00 af hverjum fermetra lóðar og er það miðað við byggingarvísitölu 107 í mars 1988.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein 3. mgr. sem orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að fresta álagningu B-gatnagerðargjalds samkvæmt reglugerð þessari ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar aðrar tekjur hafa en tryggingabætur. Skilyrði fyrir frestun álagningar er að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan hátt, þannig að forsendur frestunarinnar bresti.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnessýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hriseyjar.

1. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitaveitukerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

2. gr.

Hitaveitan ein má rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 lítri á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum lítra á mínútu.

Par sem vatn er notað til annars en upphitunar húsnæðis og venjulegrar heimilisnotkunar setur hitaveitan upp mæla sem mæla rennsli vatns í rúmmetrum. Hitaveitan kostar og sér um uppsetningu og viðhald mælanna.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði	kr. 466,00
2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði	kr. 838,00
3. Leiga fyrir hvern $\frac{3}{4}$ " mæli á mánuði	kr. 200,00
Leiga fyrir hvern 1"—2" mæli á mánuði	kr. 450,00
4. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra samkv. mæli	kr. 68,00

4. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 3. grein verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast á skrifstofu Hríseyjarhrepps, í pósthúsum, bönkum eða sparisjóðum. Gjaldldagi er 20. dagur hvers mánaðar og það eru vanskil ef reikningur er ekki greiddur innan 15 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Hríseyjar skal vera sem hér segir:

Fyrir hús allt að 400 m ³	kr. 40 000,00
Fyrir hvern rúmmetra þar yfir að 600 m ³	kr. 40,00
Fyrir hvern rúmmetra yfir 600 m ³	kr. 33,00
Fyrir hvern inntakshemil	kr. 11 000,00

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimædagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður. Þó skal í útreikningi gjalds bæta 20% við það húsnæði sem hitað er og gjald reiknast af, þó ekki eftir að hið upphitaða húsnæði er farið að nema 50% eða meira af byggingunni.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Fyrir öll mannvirki sem bætast við á lóð þar sem áður hefur verið greitt heimtaugagjald skal greiða heimtaugagjald fyrir hið nýja húsnæði í samræmi við þessa grein.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 3, 5 og 10. grein eru miðuð við byggingavísitölu 1. janúar 1988 sem er 107,9 stig. Heimilt er sveitarstjórn að breyta þeim í samræmi við breytingar sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu ráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú kunna að verða leyfð afnot hitaveitunnar til einhvers sem ekki þykir falla undir 2. grein og er þá heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki.

8. gr.

Heimædagjald er gjaldkræft þegar tengingu húss er lokið. Heimilt er að veita gjaldfrest á heimædagjaldi eða hluta þess.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins til notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Sá sem er í vanskilum greiðir auk vanskilaskulda kr. 900,00 í opnunargjald. Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 322, 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. mars 1988.

F.h.r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingasjóð nýja barnaspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. mars 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingasjóð nýja barnaspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingasjóður nýja barnaspítalans og er stofnaður af kvenfélaginu Hringnum, ríkisspítölum og starfsfólki Barnaspítala Hringsins, sbr. nafnalista. Heimili hans er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bygginga sérhannaðs húsnæðis fyrir barnaeild Landspítalans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00. Listi yfir þá sem hafa lagt fram stofnfé og framlög þeirra skal varðveittur með öðrum gögnum sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað með bestu faanlegum kjörum hverju sinni. Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, gjafafé og annað fé sem sjóðnum kann að berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn; formaður Kvenfélagsins Hringsins, yfirmaður barnaeildar Landspítalans er jafnframt sé prófessor í barnalækningum og forstjóri ríkisspítalanna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórnin tekur ákvarðanir um hvernig fé sjóðsins skuli varið. Stjórnin heldur fundargerðabók og skulu fundargerðir undirritaðar af stjórnarmönnum í lok fundar.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu kvenfélagsins Hringsins. Sjóðstjórnin sér um reikningshald sjóðsins. Skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.